


DYNAPAC
CC102/102C, CC122/122C
CC132, CC142/142C
VALTARINN Í NOTKUN

O102IS4



DYNAPAC

Box 504, SE-371 23 Karlskrona, Sweden
Phone: +46 455 306000, Fax: +46 455 306030
www.dynapac.com

DYNAPAC

Titringsvaltarar CC102/102C, CC122/122C CC132, CC142/142C

Valtarinn í notkun O102IS4, Apríl 2004

Díselvél:

**CC102/C/122/C/132
CC132/142/C
CC142/C**

**Deutz F2L 2011, Isuzu 3LD1 PW-05
Deutz F3L 2011
Isuzu 3LD1 PW-05**

Leiðarvísirinn á við frá og með:

CC102/C/122/C

Deutz

PIN (S/N) *60117500*

Isuzu

PIN (S/N) *60127500*

CC132 Deutz

PIN (S/N) *60232800*

CC142/C



Deutz

PIN (S/N) *60212800*

Isuzu

PIN (S/N) *60222800*

**GEYMDU
HANDBÓKINA TIL
SÍÐARI NOTA**



CC102/122 og CC132 eru sérstaklega ætlaðir til nota við viðgerðir á malbiki, en þá má einnig nota við nýlagningu á minni háttar götum, gangstéttum og hjólreiðastígum. Þeir eru oft notaðir til viðbótar við stærri valtarar til að þjappa í samskeyti og þar sem erfitt er að komast að.

CC102C og CC122C eru litlir og léttir valtarar í combi-útfærslu sem notaðir eru til að þjappa þunn lög og mjúkt malbik.

CC142 er dæmigerður „innanbæjarvaltari“ til að nota við malbikun á götum, bílastæðum og athafnasvæðum fyrirtækja. Hann er nógu afkastamikill til að hafa við lítilli malbikunarvél við verkefni af þessu tagi.

CC142C er einnig ætlaður til minni háttar malbikunarverkefna þar sem umferð er lítil en sóst er eftir jafnri og vel útlítandi yfirborðsáferð. Dæmigerð vinnusvæði hans – fyrir utan gangstéttir og hjólreiðastíga – eru þess vegna útivistarsvæði, golfvellir og önnur íþróttamannvirki.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Öryggisfyrirmæli (lestu líka Öryggishandbókina)	3
Öryggi við akstur	4, 5
Öryggismerki, staðsetning/lýsing	6, 7
Merkiplötur valtara og vélar	8
Mælar og stjórtæki	9
Mælar og stjórtæki, hlutverk hvers og eins	10, 11
Mælar og stjórtæki í stýrishúsi	12
Áður en vélin er gangsett	13-15
Gangsetning	16
Valtarinn í notkun	17
Notkun/titringur	18
Hemlun	19, 20
Valtarinn kyrrstæður	21
Að lyfta veltaranum	22-24
Valtarinn í drætti	25
Valtarinn fluttur	26
Notkun veltarans – aðalatriði	27

VIÐVÖRUNARTÁKN



Öryggisfyrirmæli – varnir gegn slysum á fólki.



Sérstök aðgát – skemmdir á tækinu eða hluta þess.

ÖRYGGISHANDBÓK



Allir veltarastjórar þurfa að lesa öryggishandbókina sem veltaranum fylgir. Fylgdu alltaf öryggisfyrirmælum og fjarlægðu bókina ekki úr veltaranum.

ALMENNT

Í þessum leiðarvísi er sagt til um hvernig fara á með veltarann í akstri og notkun. Um viðhald og umhirðu sjá handbókina „VIÐHALD, CC102/C/122/C/132/142/C”.



Þegar vélin er ræst og þangað til hún er orðin heit er glussinn líka kaldur, og þá bremsar veltarinn ekki eins vel og með heitu vökvakerfi.


ÖRYGGISFYRIRMÆLI (Lestu líka Öryggishandbókina)



1. Áður en valtarinn er settur í gang þarf stjórnandi hans að hafa kynnt sér vel handbókina um notkun valtarans.
2. Gakktu úr skugga um að öllum fyrirmælum hafi verið fylgt sem gefin eru í HANDBÓKINNI UM VIÐHALD VALTARANS.
3. Sá einn má stjórna valtaranum sem hefur til þess reynslu og/eða þjálfun. Hafðu aldrei farþega með þér á valtaranum. Sestu í öikumannssætið hvenær sem þú hreyfir valtarann.
4. Notaðu aldrei valtarann þegar þörf er að stilla hann eða laga.
5. Farðu aldrei upp í valtarann né af honum nema hann standi kyrr. Notaðu tiltæk grip og handrið. Þegar ökumaður fer upp í lyftarann eða af honum aftur er ráðlegt að færa ekki nema aðra hönd eða annan fót í einu, svo að líkaminn styðjist aldrei við færri en þrjá fasta punkta.
6. Veltigrind (ROPS=Roll Over Protective Structures) á alltaf að nota þegar valtarinn er notaður á ótryggu undirlagi.
7. Keyrðu hægt í kröppum beygjum.
8. Forðastu að keyra á ská í brekkur, farðu beint upp eða beint niður.
9. Vertu viss um að a.m.k. 2/3 af breidd tromlunnar séu uppi á völtuðum fleti þegar þú ekur nálægt brúnum eða holum.
10. Athugaðu að valtarinn stefni ekki á neinar hindranir, hvorki á jörðunni né ofan við hana.
11. Gættu sérstakrar varúðar þar sem ójafnt er undir.
12. Notaðu tiltækan öryggisbúnað. Á valtara með veltigrind á alltaf að nota öryggisbelti.
13. Haltu valtaranum hreinum. Óhreinindi og feiti á tafarlaust að hreinsa af stjórnþalli. Öllum merkjum og áletrunum á að halda hreinum og vel læsilegum.
14. Öryggisráðstafanir áður en tekið er eldsneyti:
 - Drepa á vélinni.
 - Ekki reykja.
 - Opinn eldur má hvergi vera nálægur.
 - Láttu áfyllingarstútinn ná jarðsambandi við olíutankinn svo að ekki hrökkvi neistar á milli.
15. Þegar vinna skal að viðhaldi eða viðgerðum:
 - Settu skorður við tromlur og hjól og undir ýtblað.
 - Læstu beygjuliðnum ef þörf krefur.
16. Ef hávaðastig er hærra en 85 db(A) er mælt með að nota heyrnarhlífar. Hávaðinn getur farið eftir því hvers konar undirlagi valtarinn er notaður á.
17. Breyttu engu á valtaranum sem getur skert öryggi hans. Til allra breytinga þarf að fá skriflegt samþykki frá Dynapac.
18. Notaðu ekki valtarann fyrr en glussaolían hefur náð eðlilegum vinnuhita. Stöðvunarvegalengdin við hemlun getur lengst þegar olían er köld. Athugaðu leiðbeiningar um gangsetningu í HANDBÓKINNI UM NOTKUN VALTARANS.

ÖRYGGI VIÐ AKSTUR

Að valta kanta




Mynd 1 Afstaða tromlunnar við völtun á kanti

Þegar valtað er við kanta verða a.m.k. 2/3 af breidd tromlunnar að vera uppi á fleti sem hefur fullt burðarþol.



Mundu að þyngdarpunktur valtarans færir út á við þegar hann beygir, færir til hægri þegar beygt er til vinstri og öfugt.

Hliðarhalli



Mynd 2 Valtarinn í hliðarhalla



Alltaf er mælt með veltigrind þegar valtarinn er notaður í hliðarhalla eða á ótraustu undirlagi.



Forðastu ef hægt er að fara með valtarann í hliðarhalla. Valtaðu frekar í brekkum með því að fara beint upp og niður.


Þessi veltimörk miðast við prófun með kyrrstæðan valtara á hörðu og jöfnu undirlagi. Hann er ekki í beygju, slökkt á titringi og með alla tanka fulla. Hafðu í huga að valtarinn getur oltið í minni halla en hér er gefinn upp ef undirlagið er laust, titringurinn á, valtarinn í beygju eða á ferð eða þyngdarpunkturinn hærra (vegna aukabúnaðar).



Sem neyðarútgang úr stýrishúsi skaltu losa hamar sem geymdur er á uppstöðunni hægra megin að aftan og brjóta afturrúðuna.

ÖRYGGI VIÐ AKSTUR

Setið við stjórn



Mynd 3 Ökumannssæti

1. Veltigrind (ROPS)
2. Sætisbelti


Sestu alltaf í ökumannssætið þegar þú hreyfir valtarann. Ef ökumaður stendur upp gefur flautan merki, eða þá, á vissum afbrigðum af valtara, að hann bremsar.




Notaðu alltaf öryggisbeltið ef það er til staðar. Ef valtarinn veltur er mikil hættu á að ökumaður, sem ekki hefur notað öryggisbelti, kastist af valtaranum og lendi undir honum.

Valtarar með veltigrind (ROPS) (1) eða stýrishúsi eru búnir öryggisbelti sem staðalbúnaði.

ÖRYGGISMERKI, STAÐSETNING/LÝSING



(Myndin sýnir combi-útfærslu.)




ÖRYGGISMERKI, STAÐSETNING/LÝSING

1.



Hætta á að klemmast við stýrislið/beygjutromlu. Haltu þig í hæfilegri fjarlægð frá hættusvæðinu.

4.



Hvatning til valtarastjórans að lesa öryggishandbók valtarans ásamt handbókunum um viðhald og notkun áður en farið er að nota tækið.

7.



Eldsneyti (díselolía)

2.




Viðvörðun um vélarhluti sem snúast. Haltu höndunum í öruggri fjarlægð frá hættusvæðinu.

5.




Varar við brennheitum flötum í vélarhúsi. Þær má ekki snerta.

8.




Festipunktur fyrir hífingu

3.




Stýrislið á að vera læst þegar hið er. Lestu leiðbeiningarnar.

6.



Merkiskilti


9.



Glussaolía


Lífræn glussaolía

10.




Hólf fyrir handbækur

11.



Lykill að rafgeymi

12.




Festipunktur

13.




Styrkur hávaða

14.



MERKIPLÖTUR VALTARA OG VÉLAR

Merkiplata valtarans




Mynd 4 Vinstra fótstig
1. Merkiplata valtarans

Merkiplata valtarans (1) er fest á fremri grindarhlutann vinstra megin, rétt hjá stýrslíðnum. Á plötuna er letrað nafn og heimilisfang framleiðandans, gerð valtarans, PIN-framleiðslunúmer hans (verksmiðjunúmer), þyngd í notkun, vélarafi og framleiðsluár. (Sé valtarinn afgreiddur út fyrir EB, eru engar CE-merkingar og í sumum tilfellum ekkert framleiðsluár.)

DYNAPAC			
Dynapac Compaction Equipment AB Box 504, SE-371 23 Karlskrona Sweden			
Type	Operating mass kg	Rated Power kW	Year of Mfg
Product Identification Number			
			3580909E

Vinsamlegast gefðu upp PIN-númer valtarans þegar varahlutir eru pantaðir.

Verksmiðjunúmer á grind




Mynd 5 Grind við framtromlu
1. Verksmiðjunúmer

PIN-númer tækisins (1) er stansað í brún grindarinnar framarlega til hægri.

Gerðarplata vélarinnar (1) er fest á hana ofanverða. Á plötuna er skráð gerð vélarinnar, verksmiðjunúmer og nánari upplýsingar. Þegar pantaðir eru varahlutir skaltu gefa upp verksmiðjunúmer vélarinnar. Sjá jafnframt handbók með díselvélinni.

Merkiplata vélarinnar



Mynd 6 Vél (Deutz)
1. Gerðarplötur


IMPORTANT ENGINE INFORMATION			
ENGINE FAMILY	POWER	VALVELASH	INJ. TIMING
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
MODEL	RPM	ENGINE DISPLACEMENT	INJ. RATE
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
	THIS ENGINE IS CERTIFIED TO OPERATE ON DIESEL FUEL		
	SERIAL NO	REM	
	THIS ENGINE CONFORMS TO <input type="text"/> YYY MODEL YEAR US EPA / <input type="text"/>		
REGULATIONS FOR LARGE NONROAD COMPRESSION IGNITION ENGINES			

Mot.-Typ	Code	Mot.-Nr.	kW	EP	K
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
	kW (G)	kW (S)	kW (S)	kW	
	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
	kW (W)		°C		
	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
	DEUTZ AG		MADE IN GERMANY	<input type="text"/>	<input type="text"/>

ISUZU:

Álímt merki með verksmiðjunúmeri vélarinnar er að finna á olíupönnunni neðan við eldsneytis- og olíusíuna. Sams konar merki er ofan á ventlahlíf (heddi) og sýnir gerðarheiti vélarinnar. Sjá jafnframt handbók með díselvélinni.

MÆLAR OG STJÓRNTÆKI


















Mynd 7 Ökumannssæti










- | | |
|--|---|
| 1. Flauta | 13. Ökuljós □ |
| 2. Svissrofi (kveikja) | 14. Dekkjaúðari (combi-útfærsla)/
títringur á fram/afturtromlu |
| 3. Úðari handstýrður/sjálfstýrður | 15. Viðvörunarljós (blikkandi) □ |
| 4. Startari | 16. Stefnuljós □ |
| 5. Títringur handstýrður/sjálfstýrður | 17. Öryggishandbækur og leiðarvísar |
| 6. Hjálparbremsa/handbremsa | 18. Öryggjahólf |
| 7. Mælaborðshlíf | 19. Inngjöf |
| 8. Viðvörunarljós fyrir rafhleðslu | 20. Títringur á/af |
| 9. Viðvörunarljós fyrir bremsur | 21. Skipting (áfram/afturábak) |
| 10. Viðvörunarljós fyrir smurolúþrýsting/
vélarhita | 22. Eldsneytismælir □ |
| 11. Vinnuljós □ | 23. Innstunga |
| 12. Vinnuvélaljós með snúningsgeisla □ | |

□ =Aukabúnaður


MÆLAR OG STJÓRNTÆKI, HLUTVERK HVERS OG EINS

Nr. á mynd.7	Heiti	Tákn	Verkun
1	Rofi fyrir flautu		Ýtt inn til að flauta.
2	Aðalstillirofi	 	Í stöðu O er straumur tekinn af startaranum. Í stöðu I er straumur á öllum stillirofum og ljósum, enn ekki á startmótornum.
3	Úðarar fyrir tromlu	MAN O AUTO 	Stillir vatnsrennsli að tromlu. Stillingin MAN gefur stöðuga úðun. Í stöðu O er lokað fyrir úðunina. Með stillingunni AUT fer úðunin sjálfkrafa Á og AF þegar ekið er áfram og aftur á bak.
4	Startari		Þegar ýtt er inn tengist startmótorinn.
5	Stillir fyrir titring (Aukabúnaður)		Í miðju = enginn titringur. Til vinstri = titringur á báðum tromlum (ekki combi-útfærsla). Til hægri = titringur á einni tromlu.
6	Hjálparbremsa/handbremsa		Sé hnappurinn niðri verður hjálparbremsan virk. Sé valtarinn þá kyrrstæður er hann í handbremsu. Sé hnappurinn útdreginn eru þessar bremsur ekki á.
7	Mælaborðshlíf		Lokar mælaborðinu fyrir veðri og fíkti.
8	Viðvörðunarljós fyrir geymishleðslu		Ef ljósið kviknar þegar díselvélin er í gangi, hleður rafallinn ekki. Dreptu á vélinni og finndu hvað er að.
9	Viðvörðunarljós fyrir bremsur		Ljósið logar þegar handfang fyrir handbremsu eða hjálparbremsu er niðri og valtarinn í bremsu.
10	Viðvörðunarljós fyrir smurolíuþrýsting, eða of heita smurolíu á díselvél.		Ljós táknar að smurolíuþrýstingur sé of lítill. Dreptu á vélinni og lagfærðu það sem er að. Sjá handbók með díselvél.
11	Vinnuljós aftan, rofi (aukabúnaður)		Sé snúið til hægri kviknar á ljósunum.
12	Vinnuvélaljós með snúningsgeisla, rofi (aukabúnaður)		Sé snúið til hægri fer snúningsgeislinn í gang.
13	Vinnuljós framan, rofi (aukabúnaður)		Eitt stig til hægri til að kveikja á stöðuljósum, tvo stig fyrir vinnuljós að framan.
14	Úðarar fyrir dekk (combi-útfærsla)		Stýrir vökvastreymi að dekkjum Snúið til vinstri = samfellt í gangi Snúið til hægri = gengur með hléum

MÆLAR OG STJÓRNTÆKI, HLUTVERK HVERS OG EINS

15	Blikkandi viðvörunarljós, rofi (aukabúnaður)		Sé snúið til hægri blikka viðvörunarljósin.
16	Stefnuljósarofi (aukabúnaður)		Sé snúið til vinstri blikka stefnuljósin til vinstri. Í miðstöðu eru blikkljós óvirk.
17	Hólf fyrir handbækur		Til að ná í handbækurnar er hólfíð dregið upp og síðan fellt fram að ofan.
18	Öryggjadós (framan á stýrissúlu)		Hér eru öryggi fyrir rafkerfið. Sjá undir fyrirsögninni „Rafkerfi“ þar sem lýst er hlutverki hvers öryggis.
19	Inngjöf fyrir díselvél		Sé stillt til hægri gengur vélin í lausagangi. Með stillingu til vinstri gengur hún á fullu.
20	Rofi fyrir titring Á/AF		Titringur er settur á með því að ýta rofanum inn og sleppa honum. Sé ýtt á hann aftur fer titringurinn af. Þetta verkar því aðeins að rofi nr. 5 sé stilltur til vinstri.
21	Gírstöng		Þegar vélin er ræst á gírstöngin að vera í hlutlausri stöðu, annars er ekki hægt að starta. Stöngin stýrir bæði stefnu valtarans og hraða. Skipt er í áfram með stöngina fram, aftur á bak með hana til baka. Hraðinn fer eftir því hve langt hún er færð frá hlutlausri stöðu. Því lengra fram eða aftur, því hraðar fer valtarinn.
22	Viðvörunarljós um lítið eldsneyti eftir (aukabúnaður)		Þegar ljósið kviknar er aðeins eftir eldsneyti í stuttan tíma. Fylltu á sem allra fyrst.
23	Innstunga		Sittu alltaf í ökumannssætinu þegar þú hreyfir valtarann. Ef ökumaður stendur upp þegar valtarinn er á ferð gefur flautan merki, eða þá að valtarinn bremsar.

MÆLAR OG STJÓRNTÆKI Í STÝRISHÚSI




Mynd 8 Stýrishús

- | | | |
|--|---------------------------------------|--|
| 1. Miðstöðvarstilling <input type="checkbox"/> | 5. Afturrúðupurrka | 9. Vinnuvélaljós með snúningsgeisla <input type="checkbox"/> |
| 2. Öryggjahólf | 6. Framrúðusprautu | 10. Vifta |
| 3. Vinnuljós <input type="checkbox"/> | 7. Afturrúðusprautu | 11. Innljós |
| 4. Framrúðupurrka | 8. Vinnuljós <input type="checkbox"/> | 12. Útvarp <input type="checkbox"/> |
- = Aukabúnaður

Nr. á mynd.5	Heiti	Tákn	Verkun
1	Miðstöðvarstilling <input type="checkbox"/>		Stillir upphitun í stýrishúsi. Snúið er til hægri til að stilla miðstöðina hærra, til vinstri til að lækka.
2	Öryggjadósir (stýrishús)		Hér eru öryggi fyrir rafkerfið. Sjá undir fyrirsögninni „Rafkerfi“ þar sem lýst er hlutverki hvers öryggis.
3	Rofi fyrir vinnuljós að framan <input type="checkbox"/>		Ýtt inn og vinnuljós að framan kvikna.
4	Rofi fyrir framrúðupurrku		Ýtt inn og þurrka á framrúðu fer í gang.
5	Rofi fyrir afturrúðupurrku		Ýtt inn og þurrka á afturrúðu fer í gang.
6	Stillir fyrir framrúðusprautu		Ýtt inn og rúðuvökvi sprautast á framrúðu.
7	Stillir fyrir afturrúðusprautu		Ýtt inn og rúðuvökvi sprautast á afturrúðu.
8	Stillir fyrir vinnuljós að aftan <input type="checkbox"/>		Ýtt inn og vinnuljós að aftan kvikna..
9	Vinnuvélaljós með snúningsgeisla <input type="checkbox"/>		Ýtt inn og þá kviknar á vinnuvélaljósi með snúningsgeisla.
10	Stillir fyrir viftu		Ýtt inn og viftan verður virk.
11	Stillir fyrir innljós		Ýtt fram og þá kviknar á inniljósi.
12	Útvarp <input type="checkbox"/>		

ÁÐUR EN VÉLIN ER GANGSETT

Rafkerfið tengt



Mynd 9 Díselvél frá vinstri
1. Lykill að rafgeymi
2. Teljari fyrir notkunartíma

Gleymdu ekki að sinna daglegu viðhaldi. Sjá handbókina um viðhald.


Rafgeymistengingin er í vélarhúsinu. Snúðu lyklinum (1) til að tengja. Nú er rafkerfið tengt í öllum valtaranum.

Staða (2) er tímateljari díselvélarinnar. Hann telur meðan vélin er í gangi.



Í notkun á vélarhlífina að vera ólæst svo að fljótt sé hægt að rjúfa strauminn ef þörf krefur.


Úðarar fyrir tromlu



Mynd 10 Vatnstankur
1. Áfyllingarlok
2. Úðararör

Fylltu fremri vatnstankinn og aðgættu að úðararörið (2) sé í þeirri stöðu að vatnsúðinn dreifist vel yfir tromluna. Hægt er að snúa rörinu ef losað er um skrufurnar (3) sem festa rörhaldarann, sjá myndina hér fyrir neðan.

Úðarar fyrir dekk



Mynd 11 Tankur fyrir fráhrindiefni
1. Áfyllingarlok
2. Úðararör
3. Festiskrúfur


Aftari tankinn (fyrir fráhrindiefni) á að fylla með vatni og e.t.v. blanda með skurðarolíu. Forðast má viðloðun með því að blanda 2–4% skurðarolíu (Fileum) í vatnið fyrir dekkjaúðarann.

Aðgættu að úðararörið (2) sé í þeirri stöðu að vatnsúðinn dreifist vel yfir dekkinn. Hægt er að snúa rörinu ef losað er um skrufurnar (3) sem festa rörhaldarann.

Lítu öðru hvoru eftir slitflötunum á dekkjunum til að sjá hvort malbiksklessur festast á þeim, eins og getur komið fyrir meðan þau eru of köld.

ÁÐUR EN VÉLIN ER GANGSETT

Ökumannssæti – stilling



Mynd 12 Ökumannssæti


1. Handfang fyrir stillingu fram og aftur
2. Handfang fyrir halla á sætisbaki
3. Handfang fyrir stillingu eftir þyngd

1. Stilltu ökumannssætið þannig að þægilegt sé að sitja og auðvelt að ná til stjórnþækja.
2. Sætið er hægt að stilla á eftirtalinn hátt:
 - Fram og aftur (1)
 - Halli á baki (2)
 - Stilling eftir þyngd (3)



Athugaðu alltaf að sætið sé í læstri stöðu áður en farið er af stað.

Þægindasæti – stilling




Mynd 13 Þægindasæti (aukabúnaður)

1. Halli á sætisbaki
2. Fram og aftur
3. Stilling eftir þyngd
4. Færsla til hliðar (aukabúnaður)

1. Stilltu ökumannssætið þannig að þægilegt sé að sitja og auðvelt að ná til stjórnþækja.
2. Sætið er hægt að stilla á eftirtalinn hátt:
 - Halli á baki (1)
 - Fram og aftur (2)
 - Stilling eftir þyngd (3)
 - Færsla til hliðar (4)

ÁÐUR EN VÉLIN ER GANGSETT

Mælar og gátljós – eftirlit



Mynd 14 Mælaborð


- 2. Svissrofi (kveikja)
- 3. Stillir fyrir úðara á tromlu
- 8,9,10. Viðvörðunarljós
- 14. Stillir fyrir úðara á dekk

Snúðu svissinum (2) til hægri.

Athugaðu að það kvikni á viðvörðunarljósunum 8, 9 og 10.

Snúðu úðastillunum (3) og (14) í notkunarstöðu og athugaðu að úðakerfin verki.

Handbremsa – athugun



Mynd 15 Mælaborð

- 6. Hnappur fyrir hjálparbremsu/
handbremsu
- 9. Viðvörðunarljós fyrir bremsur




Vertu viss um að handbremsuhnappurinn (6) sé örugglega niðri. Þegar valtarinn er ræstur í halla getur hann runnið af stað ef hann er ekki í handbremsu.

Ádrepari – interlock (aukabúnaður)

Þá stöðvast díselvélin 4 sekúndum eftir að ökumaður stendur upp úr sætinu. Það gerist jafnt hvort sem gírstöngin er stillt á hlutlaust eða áfram/aftur á bak. Ef handbremsan er á stöðvast vélin ekki.

Í ökumannssæti



Mynd 16 Ökumannssæti

- 1. Sætisbelti
- 2. Hliðargrindur
- 3. Gúmmípúði
- 4. Hálkuvörn



Skiptu alltaf um sætisbelti (1) og settu nýtt ef það gamla er orðið slitnið eða hefur orðið fyrir miklu átaki.



Athugaðu að gúmmípúðar undir pallinum (3) séu heilir. Séu þeir slitnir kemur það niður á þægindunum.




Sjáðu um að hálkuvörn (4) á stjórnþalli sé í góðu lagi. Skiptu henni út ef viðnámið er orðið lélegt.



Sé valtarinn með stýrishúsi, sjáðu þá um að hurðin sé lokuð í akstri.

GANGSETNING


Díselvélin ræst



Mynd 17 Gírstöng, fram/aftur

Settu gírstöngina (21) í hlutlausa stöðu. Ekki er hægt að ræsa vélina ef valtarinn er í gír.

Á vissum afbrigðum af völturum er gírstöngin á hliðinni á mælaborðinu, en hún verkar á sama hátt.



Mynd 18 Mælaborðssúla

2. Svissrofi (kveikja)
4. Startari
5. Titringsstillir
6. Handfang fyrir hjálparbremsu/ handbremsu
8. Hleðsluljós
9. Viðvörðunarljós fyrir bremsur
10. Smurólíuþrýstingsljós
19. Inngjöf

Settu titringsstillinn (5) fyrir handstýrðan/sjálfstýrðan titring á **O**.

Stilltu inngjöfina (19) á lausagang. (Á vissum afbrigðum af völturum er inngjöfinni komið fyrir á hægri hlið mælaborðssúlunnar.)

Snúðu svissinum (2) til hægri í stöðu **I**. Ýttu startaranum (4) inn. Slepptu startaranum um leið og vélin fer í gang.



Startaðu ekki lengi í einu. Ef díselvélin fer ekki í gang skaltu heldur bíða fáeinar mínútur.

Láttu vélina hitna í lausagangi í nokkrar mínútur, og lengur ef hitastig er neðan við +10°C.

Meðan vélið er að hitna á að aðgæta hvort ekki er slökkt á viðvörðunarljósunum fyrir smurólíuþrýsting (10) og rafhleðslu (8). Viðvörðunarljósið fyrir handbremsu (9) á að loga áfram.




Þegar vélin er ræst og þangað til hún er orðin heit er glussinn líka kaldur, og þá bremsar valtarinn ekki eins vel og með heitu vökvakerfi.



Sjáðu um að loftræsting sé góð (útsog) ef díselvélin er látin ganga innanhúss. Hætta á kolsýringseitrun.


VALTARINN Í NOTKUN

Að stjórna valtaranum



Mynd 19 Mælaborðssúla

- 3. Stillir fyrir úða á tromlu
- 6. Hjálparbremsu/
handbremsuhnappur
- 9. Viðvörðunarljós fyrir bremsur
- 14. Stillir fyrir úða á dekk
- 19. Inngjöf



Mynd 20 Gírstöng, fram/aftur



Aldrei má koma fyrir að maður á jörðu niðri stýri valtaranum. Valtarann má ekki hreyfa nema með stjórnanda í öikumannssæti.

Snúðu inngjöfinni (19) og festu hana í réttri vinnustöðu.

Prófaðu, á kyrrstæðum valtaranum, að snúa stýrinu bæði til hægri og vinstri til að athuga að beygjurnar verki.

Þegar þú valtar malbik þarftu að muna að setja úðarana (3) á, líka (14) ef um combi-útfærslu er að ræða.



Athugaðu að ekki sé hindrun á vinnusvæðinu fyrir framán eða aftan valtarann.



Dragðu nú upp hjálparbremsu/handbremsuhnappinn (6) og athugaðu að viðvörðunarljósið fyrir handbremsu hafi slokknad. Vertu við því búinn að þá fari valtarinn að renna ef hann stendur í brekku.

Færðu gírstöngina (21) varlega fram eða aftur eftir því hvort þú ætlar áfram eða að bakka. Ökuhraðinn verður því meiri sem stöngin er færð lengra frá hlutlausu.



Hraðanum á alltaf að breyta með gírstönginni, ekki með því að herða og hægja á vélinni.



Athugaðu hvort hjálparbremsan verkar með því að ýta létt á hjálparbremsu/handbremsuhnappinn (6) með valtarann á hægri ferð áfram.


Aðeins combi-útfærsla:



Líttu öðru hvoru eftir slitflötunum á dekkjunum til að sjá hvort malbiksklessur festast á þeim, eins og getur komið fyrir meðan þau eru of köld. Forðast má viðloðun með því að blanda 2–4% skurðarvökva í vatnið fyrir dekkjaúðarann.

NOTKUN/TITRINGUR

Titringur handstýrður/ sjálfstýrður



Mynd 21 Mælaborð
5. Titringsstillir


Með rofanum (5) er valið hvort titringur er settur á og af handvirkt eða sjálfvirkt.

Pegar stillt er á handvirkt verður valtarastjórnin að nota rofann (20) á gírstönginni til að setja titringinn á.

Pegar stillt er á sjálfvirkt fer titringur í gang þegar valtarinn nær vissum innstilltum hraða.

Á sama hátt fer hann sjálfvirkt af þegar hraðinn nær vissu lágmarki.

Að setja á handstýrðan titring



Mynd 22 Gírstöng, fram/aftur
20. Titringur á/af

Rofinn (20) á gírstönginni er notaður til að kveikja og slökva á titringnum. Slökktu alltaf á titringnum áður en valtarinn stansar til fulls.



Það á aldrei að hafa titringinn á í kyrrstöðu. Það getur bæði valdið skemmdum á undirlagi og valtara.

Titringur á einni tromlu (aukabúnaður)




Fig. 23 Mælaborð
14. Titringur á fram/afturtromlu

Með rofanum (14) er stillt á titring eða af, hvort sem er á afturtromlunni einni eða báðum tromlum.


Pegar stillt er á titring verður valtarastjórnin að nota rofann (20) á gírstönginni til að setja hann í gang.

Pegar rofinn er stilltur til vinstri kemur titringur á báðar tromlurnar.

Sé hann stilltur til hægri titrar einungis afturtromlan.

HEMLUN

Hjálparbremsan



Mynd 24 Mælaborð

- 6. Handfang fyrir hjálparbremsu/
handbremsu
- 9. Viðvörðunarljós fyrir bremsur

Að jafnaði er bremsað með gírstönginni. Vökvadrifið hægir á valtaranum þegar gírstöngin er færð nær hlutlausri stöðu.


Auk þess er í hvoru tromludrifi fjöldiskabremsa sem bæði nýtist sem hjálparbremsa til að stöðva valtarann og sem handbremsa (stöðuhemill) þegar hann er kyrrstæður.



Bremsaðu með því að þrýsta niður hjálparbremsu/handbremsuhnappinum (6), haltu fast í stýrið og vertu viðbúinn að snarstansa.

Þegar búið er að bremsa skaltu færa gírstöngina í hlutlausu stöðu og toga upp hjálparbremsu/handbremsuhnappinn.

Venjuleg hemlun



Mynd 25 Mælaborð

- 6. Handfang fyrir hjálparbremsu/
handbremsu
- 9. Viðvörðunarljós fyrir bremsur

Slökktu á titringnum með því að ýta inn rofanum.

Stöðvaðu valtarann með því að færa gírstöngina í hlutlausu stöðu.


Ýttu alltaf niður hjálparbremsu/handbremsuhnappinum (6) þegar valtarinn stansar í halla, þó ekki sé nema stutta stund.

Færðu inngjöfina til baka í lausagangsstöðu og láttu vélina ganga þannig nokkrar mínútur til að kólna.



Þegar vélin er ræst og meðan ekið er með kalda vél, er glussinn líka kaldur, og þá bremsar valtarinn ekki eins vel og þegar vökvakerfið hefur náð að hitna.

Fótbremsa (aukabúnaður)




Mynd 26 Stýrissúla

- 1. Fótbremsa

Fótbremsan gerir sama gagn og hjálparbremsu/handbremsuhnappurinn. Valtarinn bremsar þegar stigið er á fótbremsuna.

HEMLUN

Drepið á valtaranum



Ýttu niður Handfang fyrir hjálparbremsu/handbremsu (6).

Líttu á mæla og viðvörunarljós ef eitthvað virðist ekki í lagi, slökktu á ljósum og öðrum rafdrifnum búnaði.


Snúðu startararofanum (2) í stöðu **O**. Lokaðu mælaborðinu (ef valtarinn er ekki með stýrishús) og læstu hlífinni.

Mynd 27 Mælaborðssúla

- 2. Svissrofi (kveikja)
- 5. Stillir fyrir titring
- 6. Handfang fyrir hjálparbremsu/
handbremsu
- 19. Inngjöf

VALTARINN KYRRSTÆÐUR

Að skorða tromlu



Mynd 28 Tromluhluti
1. Skorða



Farðu aldrei frá valtaranum með vélina í gangi öðru vísi en að ýta inn hjálparbremsu/handbremsuhappnum.




Vertu viss um að valtarinn standi ekki þar sem umferðarhætta stafar af. Settu skorður við tromlu og hjól ef valtaranum er lagt í halla.



Mundu eftir frosthættunni að vetri til. Tæmdu vatnstank og tank fyrir fráhrindiefni, líka dælur og leiðslur.

Lykill að rafgeymi



Mynd 29 Vélarhús
1. Lykill að rafgeymi


Pegar vinnu er lokið á að aftengja rafgeyminn og taka lykilinn úr.



Þá er ekki hætt við að geymirinn afhlaðist, og óviðkomandi geta síður komið valtaranum í gang. Læstu líka vélarhlífinni.

AÐ LYFTA VALTARANUM

Að læsa stýrislið



Mynd 30 Stýrisliður frá vinstri

1. Læsisstöng
2. Splitti
3. Festing




Áður en valtaranum er lyft verður að læsa stýrisliðnum svo að hann hrökkvi ekki í beygju.

Snúðu stýrinu þangað til valtarinn er ekki í beygju. Ýttu niður hjálparbremsu/handbremsuhappnum.

Dragðu síðan galvaníseraða læsisstöngina (1) úr festingum sínum (3), stingdu henni neðan frá í gatið á neðri festingu stýrisliðarins, og ýttu henni í gegn þar til efri endinn kemur í ljós í gatinu á efri festingu stýrisliðarins.

Festu svo stöngina með splittinu (2)



Mynd 31 Valtarinn hífður

1. Merkiplata
(aftari platan á vinstri hlið valtarans)



Hámarksþyngd valtarans má sjá á hífingarskiltinu (1). Sjá einnig tæknilegar upplýsingar í handbókinni um viðhald.




Hífibúnaður, svo sem keðjur, vírar, stroffur og krókar, þurfa að vera af þeirri stærð eða gildleika sem samræmist gildandi reglum.



Gakktu aldrei undir það sem verið er að hífa! Sjáðu um að hífikrókar séu stöðugir í festingum sínum.

Að taka stýrislið úr lás



Mynd 32 Stýrisliður frá vinstri


1. Læsisstöng
2. Splitti
3. Festing




Gleymdu ekki að koma læsisstönginni (1) aftur fyrir í festingum sínum áður en valtarinn er notaður.

AÐ DRAGA VALTARANN

Losun á bremsum (aukabúnaður)



Mynd 33 Tromla frá vinstri
1. Losunarskrúfa
2. Bremsuhús
3. Tromludrif



Mynd 34 Bremsuhús
1. Losunarskrúfa



Eftirfarandi leiðbeiningar gilda um CC102/102C og CC122/122C, svo og um afturhjóladrifin í CC142C..



Ýttu inn hjálparbremsu/handbremsuhnappnum og dreptu á díselvélinni. Settu skorður við tromluna svo að valtarinn renni ekki. Hann getur farið af stað þegar bremsurnar eru teknar af.




Fjöldiskabremsurnar í hverju tromlu- eða hjóladrifi þarf að losa handvirkt, eins og lýst er hér á eftir, áður en hægt er að draga valtarann.

1. Notaðu 18 mm topplykil með lið.
2. Snúðu losunarskrúfunni (1) réttisælis $1\frac{1}{2}$ hring, og þá er bremsan losuð.
3. Losaðu bremsurnar í báðum tromlunum, eða í tromlu og báðum afturhjóladrifunum ef um combi-útfærslu er að ræða.
4. Þegar drætti er lokið á að skrúfa sömu skrúfur $1\frac{1}{2}$ hring rangsælis og bremsurnar eru virkar á ný.

AÐ DRAGA VALTARANN

Losun á bremsum



Mynd 35 Tromla frá vinstri

1. Bremsuáhold
2. Festiskrúfa
3. Losunarró



Eftirfarandi leiðbeiningar gilda um CC132 og CC142, svo og um tromluna á CC142C.




Ýttu inn hjálparbremsu/handbremsuhnappnum og dreptu á díselvélinni. Settu skorður við tromluna svo að valtarinn renni ekki. Hann getur farið af stað þegar bremsurnar eru teknar af.



Fjöldiskabremsurnar í hverju tromlu- eða hjóladrifi þarf að losa handvirkt, eftir leiðbeiningunum hér á eftir, áður en hægt er að draga valtarann.

Bremsa sett í samt lag




Mynd 36 Bremsuhús

1. Miðtappi

1. Notaðu skrufjárn til að ná úr miðtappanum (1) (mynd 38).
2. Skrúfaðu bremsuáhaldið (1) upp úr skrufgangsgatinu sem það er geymt í. Síðan á að festa bremsuáhaldið (1) í miðgatinu með því að herða skrufuna (2) þar til hún nær botni í gatinu. Nú er róíð (3) hert að bremsuáholdinu þangað til fyrirstaða finnst. Þá eru bremsurnar lausar.
3. Hjólin á að losa á sama hátt og lýst var um CC102C/122C á blaðsíðunni á undan.
4. Þegar drætti er lokið er róin skrúfuð út aftur. Bremsurnar fara þá í sína eðlilegu stöðu. Skrúfaðu svo úr bremsuáhaldið og festu það aftur í sitt gat. Settu miðtappann (1) aftur á sinn stað til þess að ekki sé hætt við að skrufgangsgatið ryðgi að innan.

VALTARINN Í DRÆTTI

Valtari dreginn



Mynd 37 Dráttur



Í drætti verður að halda við valtarann, en sjálfur hefur hann þá engar bremsur. Notaðu því ávallt dráttarstöng.




Valtarann má aðeins draga á hægri ferð (mest 3 km/klst.) og ekki nema stuttan spöl (mest 300 m).

Þegar valtarinn er dreginn þarf að festa í hífingargötin báðum megin. Togkrafturinn á að stefna langsum á valtarann eins og myndin sýnir. Samanlagður togkraftur að hámarki 130 kN.

VALTARINN FLUTTUR

Valtarinn búinn til flutnings



Mynd 38 Valtari fluttur

1. Skorður
2. Klossi
3. Festivírar



Læstu stýrislið áður en valtarinn er hífður eða fluttur. Farðu eftir fyrirmælunum um að lyfta eða flytja valtarann.

Settu skorður (1) við tromlurnar og festu þær niður í pallinn.


Festu klossa (2) undir grind valtarans til að ekki reyni um of á gúmmípúðana þegar hann er spenntur niður.

Spennu valtarann fastan með strekktum festingum (3) á öllum fjórum hornum. Skilti sýna hvar á að festa.



Gleymdu ekki að taka lásinn af stýrisliðnum áður en valtarinn er aftur settur í gang.

Niðurleggjanleg veltigrind (ROPS) (aukabúnaður)



Mynd 39 Niðurleggjanleg veltigrind


Hægt er að útbúa valtarann með niðurleggjanlegri veltigrind (ROPS).



Þegar púströr er lagt eða reist er hættu á að klemmast.



Ef valtarinn er búinn niðurleggjanlegri veltigrind (ROPS) má einungis nota hann þannig að veltigrindin sé uppi og fest í þeirri stöðu.



Mynd 40 Festibúnaður veltigrindarinnar.

1. Hersluskrúfa
2. Splitti
3. Bolti
4. Gúmmípúði



Þegar grindin er komin niður á að festa bolta og splitti aftur á sinn stað.

Þegar veltigrindin er sett upp aftur á að fara eins að, en í öfugri röð.



Gakktu alltaf úr skugga um, áður en þú notar valtarann, að veltigrindin sé uppi og fest.

Af og til á að smyrja hersluskrúfuna (1) og boltann (3) með vatnspólinni smurfeiti.

NOTKUN VALTARANS – AÐALATRÍÐI



1. Farðu eftir ÖRYGGISFYRIRMÆLUM í Öryggishandbókinni.
2. Gakktu úr skugga um að öllum fyrirmælum hafi verið fylgt sem gefin eru í HANDBÓKINNÍ UM VIÐHALD VALTARANS.
3. Stilltu rafgeymistenginguna í stöðu Á.
4. Stilltu gírstöngina á HLUTLAUST.
5. Stilltu veljarann fyrir handstýrðan/sjálfstýrðan titring í stöðu 0.
6. Stilltu inngjöfina á lausagang.
7. Ræstu vélina og láttu hana ganga til að hitna.
8. Stilltu inngjöfina á vinnuhraða.
9. Stilltu hjálparbremsu/handbremsuhnappinn í efri stöðu.



10. **Aktu af stað. Beittu gírstönginni með gát.**



11. **Prófaðu bremsurnar.**
Hafðu í huga að stöðvunarvegalengdin eykst þegar valtarinn er kaldur.

12. Hafðu ekki titringinn á nema valtarinn sé á hreyfingu.
13. Athugaðu að tromlurnar fái næga úðun þegar hennar er þörf.



14. **EF HÆTTU BER AÐ HÖNDUM:**
 - Ýttu niður HJÁLPARBREMSU/HANDBREMSUHNAPPNUM.
 - Haltu fast í stýrið.
 - Vertu viðbúinn að snarstansa.

15. Að leggja valtaranum: Ýttu niður hjálparbremsu/handbremsuhnappnum. Dreptu á vélinni og settu skorður við tromlurnar.
16. Að lyfta valtaranum: – Sjá HANDBÓKINA UM NOTKUN VALTARANS.
17. Að draga valtarann: – Sjá HANDBÓKINA UM NOTKUN VALTARANS.
18. Að flytja valtarann: – Sjá HANDBÓKINA UM NOTKUN VALTARANS.
19. Að draga valtarann úr festu: – Sjá HANDBÓKINA UM NOTKUN VALTARANS.